

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Bréfnúmer: 047

Fylgiskjal:

Móttaki: 4. nóvember 2008

Málsnúmer: HÍ 08 11 0010



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík
Sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
menntamalaraduneyti.is

Háskóli Íslands
Kristín Ingólfssdóttir, rektor
Suðurgötu
101 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. nóvember 2008
Tilv.: MMR08020079/6.21.4

Efni: Drög að áætlun menntamálaráðuneytis til þriggja ára um ytra mat á kennslu og rannsóknnum

Samkvæmt fyrstu málsgrein 13. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla ber menntamálaráðherra að ákveða hvenær ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna við íslenska háskóla fer fram og gefa út um það áætlun til þriggja ára. Með bréfi þessu fylgja drög að áætlun menntamálaráðuneytis um ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna við íslenska háskóla, 2009 til 2011. Er háskólum landsins hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við umrædd drög. Óskað er eftir að athugasemdir við áætlunina berist ráðuneyti fyrir 17. nóvember næstkomandi.

Fyrir hönd ráðherra

Stefán Baldursson

Einar Hreinsson

Fylgiskj.: Áætlun menntamálaráðuneytis til þriggja ára um ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna

Áætlun menntamálaráðuneytis til þriggja ára um ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna

Í 13. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 segir: Menntamálaráðherra ákveður hvenær ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna fer fram og gerir áætlanir um slíkt mat til þriggja ára. Jafnframt getur menntamálaráðherra ákveðið að láta fara fram sérstakt mat á háskóla eða einstökum einingum hans ef ástæða þykir til. Ytra matið getur náð til háskóla í heild, einstakra vísinda- og fræðasviða, deilda, námsbrauta eða annarra skilgreindra þátta í starfsemi háskóla. Jafnframt getur ytra mat náð til nokkurra háskóla í senn.

Það er viðtekið sjónarmið í alþjóðlegri umræðu um ytra gæðaeftirlit með háskólastarfi að til þess að ytra mat nái markmiðum sínum að fullu þurfi það að vera framkvæmt með endurteknum og reglubundnum hætti, enda sé það forsenda þess að hægt sé að fylgjast með árangri. Því er stefnt að því að ytra mat á tilteknum þáttum í starfsemi háskóla fari fram í formi endurtekinna útekta með nokkurra ára millibili. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir því í lögum að áætlun menntamálaráðherra sé aðeins til þriggja ára má líta á hana sem hluta af mun lengra ferli. Öll fræðasvið íslenska háskólakerfisins, sem og gæðakerfi skólanna, munu verða tekin út í ytra mati á tilteknu árabili.

Skipta má úttektunum í áætlun menntamálaráðherra til næstu þriggja ára í fjóra flokka, úttektir á gæðakerfum háskóla, úttektir á námsbrautum, þemaúttektir og eftirfylgniúttektir.

Úttektir á gæðakerfum háskóla (Quality audit)

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. háskólalaga skal hver háskóli sinna eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna á grundvelli innra mats og er ætlast til að innra mat sé hluti af daglegri starfsemi skólans. Í 2. mgr. segir að háskólar skuli birta upplýsingar um innra gæðastarf skólans.

Ytra mati er meðal annars ætlað að hafa eftirlit með að háskólar uppfylli lög og reglugerðir varðandi innra mat og að gæðakerfi skólans uppfylli skilyrði fyrir viðurkenningu menntamálaráðherra. Í reglugerð um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna segir að háskólar skuli innleiða formlega stefnu um gæði og móta vinnuferla sem stuðla að aukinni vitund um mikilvægi gæða í starfi, á kerfisbundinn

máta. Ytra mati á gæðakerfi skólanna er ætlað að ganga úr skugga um að gæðakerfið virki í raun. Grunnhugmyndafræðin á bak við úttektir á gæðakerfi háskóla er að ástand og virkni innra gæðakerfis gefi vísbendingu um ástand gæðamála almennt innan viðkomandi stofnunar.

Úttektir á námsbrautum (Program evaluation)

Námsbrautir eru sú eining háskólastarfs sem oftast er viðfangsefni ytra mats. Markmið úttekta á námsbrautum getur snúist um hvort inntak náms sé með þeim hætti sem lýst er í hæfniviðmiðum hvers fags og hvort hæfniviðmið uppfylli þau skilyrði sem sett eru fram í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Því til viðbótar lúta úttektir á námsbrautum að þáttum sem snerta nám, kennslu og rannsóknir svo og tengslum kennslu og rannsókna, kennsluaðferðum, mannauði, stoðþjónustu viðkomandi fagsviðs, tengslum við aðrar námsbrautir, upplýsingatækni, markmiðum og eftirfylgni, aðstaðu nemenda og kennara og fleira.

Þemaúttektir (Thematic evaluation)

Þemaúttektir eru þverfaglegar úttektir á einstökum þáttum skólastarfs. Þeim er ætlað að beinast að ákveðnum kerfisbundum þáttum sem snúa að háskólakerfinu í heild sinni, að stoðþjónustu við nemendur og starfsfólk, aðbúnaði eða öðrum þáttum skólastarfs, svo sem fjarkennslu og upplýsingatækni. Reikna má með því að þemaúttektir séu mjög mismunandi af umfangi eftir því hvert viðfangsefnið er.

Eftirfylgni (Follow up)

Eftirfylgni með niðurstöðum úttekta er ein af forsendum þess að úttektir leiði til úrbóta. Alþjóðlegir staðlar, svo sem *Standards & Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area*, kveða á um að til þess að ytra mat skili tilætluðum áhrifum á skólastarf þarf að ganga úr skugga um að viðkomandi skóli taki til sín ábendingar úttektaraðila og notfæri sér þær til að efla skólastarfið. Þá er ennfremur viðtekin venja að gefa viðkomandi skólum og fræðasviðum ákveðinn tíma til að koma ábendingunum í framkvæmd áður en úttektinni er fylgt eftir með endurteknu ytra mati.

Gera má ráð fyrir eftirfylgniúttektum í kjölfar þeirra úttekta sem eru á þriggja ára áætlun ráðherra. Meta skal hverju sinni, er niðurstöður úttekta liggja fyrir, hvort þörf sé talin á því að fylgja henni eftir að ákveðnum tíma liðnum. Nánar verður

kveðið á um hvernig slíkt mat fer fram í leiðbeiningum fyrir ytra mat og vinnureglum fyrir menntamálaráðuneyti.

Áætlun menntamálaráðherra um ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna 2009-2011

Við gerð þeirrar áætlunar sem hér er til umræðu var stuðst við niðurstöður viðurkenningarferlis háskólastigsins sem nú er að mestu lokið en einnig var höfð hliðsjón af þróun háskólastigsins undanfarin áratug.

Að þessu sinni er megináhersla ytra mats lögð á eftirfylgni viðurkenningarferlis og úttektir á námsbrautum. Í viðurkenningarferlinu var fyrst og fremst litið til þess hvort háskólar uppfylltu lágmarksskilyrði sem gera má til háskóla í alþjóðlegum samanburði. Þó að allir skólar sem sóttust eftir viðurkenningu hafi uppfyllt áðurnefnd lágmarksskilyrði var í skýrslum viðurkenningarnefndanna að finna margar athugasemdir og ábendingar. Í þessari þriggja ára áætlun er markmiðið að kanna hvort og hvernig viðkomandi skólar hafi brugðist við ábendingum viðurkenningarnefndanna.

Við val á úttektum á námsbrautum var einnig litið til viðurkenningarferlis en ennfremur til stærðar skóla, umfangs náms og eftirspurnar. Undir síðasta flokkinn falla t.d. lögfræði og viðskiptafræði en hátt í 15% háskólanema stunda nám í þessum fögum. Rétt er að hafa í huga að þær námsbrautir sem ekki er að finna í áætluninni 2009-2011, munu verða teknar út á árabílinu 2012-2018. Reikna má með að allar námsbrautir verði teknar út á 6-9 ára fresti.

Þá er í áætluninni gert ráð fyrir því að gæðakerfi allra háskólanna verði tekin út á þessu tímabili og að kerfi skólanna verði tekin út á 3-5 ára fresti. Háskóli Íslands er aðili að flestum úttektanna enda er hann langstærsti skólinn með um 50% allra nemenda. Aðrir skólar eru aðilar að færri úttektum.

Vor/ Haust 2009

- 1) Eftirfylgni viðurkenningar. (Eftirfylgniúttekt/ Follow up)
Skólar: Listaháskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst.
- 2) Eftirfylgni úttekta á hug- og raunvísindadeildum Háskóla Íslands (Eftirfylgniúttekt/ Follow up)
- 3) Nám í Ferðamálafræði til BA og MA prófs. (Úttekt á námsbraut/ Program evaluation)
Skólar: Háskóli Íslands og Háskólinn á Hólum.
- 4) Aðrar ófyrirséðar úttektir

Haust 2009/Vor 2010

- 1) Nám í viðskiptafræði (Úttekt á námsbraut/Program evaluation)
Skólar: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn í Reykjavík.
- 2) Nám í lögfræði (Úttekt á námsbraut/Program evaluation)
Skólar: Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst.
- 3) Nám í guðfræði (Úttekt á námsbraut/ Program evaluation)
Skóli: Háskóli Íslands.
- 4) Aðrar ófyrirséðar úttektir

Vor/Haust 2010

- 1) Gæðakerfi háskóla (Úttekt á gæðakerfi/ Quality audit)
Allir skólar.
- 2) Félagsfræði (Úttekt á námsbraut/Program evaluation)
Skólar: Háskóli Íslands
- 3) Lýðheilsu- og íþróttfræði. (Úttekt á námsbraut/Program evaluation)
Skólar: Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands.
- 4) Aðrar ófyrirséðar úttektir

Haust 2010/Vor 2011

- 1) Hjúkrunarfræði/heilbrigðisvísindi (Úttekt á námsbraut/Program evaluation)
Skólar: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst
- 2) Orkurannsóknir og auðlindafræði (Úttekt á námsbraut/Program evaluation)
Skólar: Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Hólum, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, orkuskólar sem undir þessa skóla heyra.
- 3) Myndlistabraut LHÍ (Úttekt á námsbraut/Program evaluation)
- 4) Aðrar ófyrirséðar úttektir

Vor/Haust 2011

- 1) Kennaranám (Úttekt á námsbraut/Program evaluation)
Skólar: Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri,
- 2) Verk- og tæknifræði (Úttekt á námsbraut/Program evaluation)
Skólar: Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík
- 3) Alþjóðavæðing háskólastigsins (Þemaúttekt)
Allir skólar.
- 4) Aðrar ófyrirséðar úttektir

Haust 2011/Vor 2012

- 1) Fjarnám við háskóla (Þemaúttekt)**
Allir skólar
- 2) Læknisfræði (Úttekt á námsbraut/Program evaluation)**
Skólar: Háskóli Íslands
- 3) Eftirfylgni með doktorsnámi (Eftirfylgni/Follow up)**
Skólar: Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Landbúnaðarháskóli Íslands.
- 4) Aðrar ófyrirséðar úttektir**

Menntamálaráðuneytið
Stefán Baldursson
skrifstofustjóri
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2008

Tilvísun: HI08110010/0.4.7

Yðar tilvísun:

MMR08020079/6.21.4

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um drög að áætlun menntamálaráðuneytisins til þriggja ára um ytra mat á kennslu og rannsóknum

Vísað er til bréfs menntamálaráðuneytisins, dags. 3. nóvember 2008, þar sem kynnt eru drög ráðuneytisins um ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna við íslenska háskóla á tímabilinu 2009-2011. Skólunum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við drögin.

Þess er að geta að fyrirbyggjandi drög að þriggja ára áætlun menntamálaráðuneytisins um ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna við íslenska háskóla byggja á 1. mgr. 13. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Háskóli Íslands (HÍ) fagnar áætluninni og telur hana í meginatriðum vel til þess fallna að þjóna því markmiði laganna að tryggja og efla gæði háskólastarfs á Íslandi. Jafnframt vill HÍ koma á framfæri nokkrum athugasemdum og ábendingum varðandi einstök atriði áætlunarinnar. Í því sambandi er einnig vísað til umsagnar gæðanefndar háskólaráðs HÍ um drög að reglum um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna á grundvelli laga nr. 63/2006 um háskóla, dags. 12. september 2008.

1. HÍ fagnar því að þótt áætlunin taki aðeins til þriggja ára sé hún hugsuð til lengri tíma og gert sé ráð fyrir því að ytra mat verði framkvæmt með reglubundnum og endurteknum hætti, enda styrkir þetta eftirfylgni og stuðlar betur að fylgst sé með árangri.
2. Áætlunin er umfangsmikil og gerir m.a. ráð fyrir því fjölmargar námsbrautir (les: námsleiðir) HÍ verði teknar út á árunum 2009-2011 og enn fleiri á tímabilinu 2012-2018. Ljóst er að þessi fjöldi ytri úttekta mun útheimta mikla vinnu og kostnað af hálfu háskólanna, ytri úttektaraðila og menntamálaráðuneytis. Til að auðvelda og samhæfa úttektarvinnuna leggur HÍ til að skilgreindar verði valdar lykilkennitölur og staðlaðar upplýsingar, s.s. um menntun kennara, námsmarkmið, námsmat og virkni nemenda, árangur kennara í rannsóknum, aðstöðu til kennslu og rannsókna o.s.frv., sem allir háskólar afli með samræmdum hætti og nýtast sem grunnur í úttekarvinnunni. Öflun slíkra kennitalna og upplýsinga getur jafnframt

verið þáttur í kerfisbundnu sjálfsmati háskólanna og þar með hluti af innra gæðakerfi þeirra, auk þess sem kennitölurnar og upplýsingarnar geta nýst menntamálaráðuneytinu við eftirlit með gæðum íslenska háskólakerfisins. HÍ lýsir sig reiðubúinn til að eiga góða samvinnu við menntamálaráðuneytið um nánari útfærslu á framangreindum mælikvörðum.

3. Í áætluninni er lögð áhersla á að ytra mat þjóni þeim tilgangi að fylgja eftir viðurkenningarferli menntamálaráðuneytisins og fyrri úttektum á námsleiðum. Nánar tiltekið segir að markmiðið með ytra matinu sé að „kanna hvort og hvernig viðkomandi skólar hafi brugðist við ábendingum viðurkenningarnefndanna“ og að „ganga úr skugga um að viðkomandi háskóli taki til sín ábendingar úttektaraðila og notfæri sér þær til að efla háskólastarfið.“ Ennfremur segir: „Meta skal hverju sinni, er niðurstöður úttekta liggja fyrir, hvort þörf sé talin á því að fylgja þeim eftir að ákveðnum tíma liðnum. Nánar verður kveðið á um hvernig slíkt mat fer fram í leiðbeiningum fyrir ytra mat og vinnureglum fyrir menntamálaráðuneyti.“ Í þessu sambandi vill HÍ koma á framfæri nokkrum ábendingum:

Bent er á að viðurkenningaferlið tók til heilla fræðasviða og undirflokka þeirra skv. skilgreiningu Frascati-handbókar OECD (Frascati Manual, 2002), en ekki einstakra námsleiða eins og fyrri úttektir og þriggja ára áætlun ráðuneytisins gerir ráð fyrir.

Þetta skiptir máli því viðurkenningarferli ráðuneytisins og úttektir á einstökum námsleiðum byggja á ólíkri aðferðafræði varðandi ytra mat sem mikilvægt er að gera greinarmun á. Nánar tiltekið byggðu fyrri úttektir á námsleiðum á *eiginlegu mati* (*evaluation*) sem lauk með *ábendingum* um það sem betur má fara í háskólastarfinu. Viðurkenningarnar byggðu aftur á móti á *vottun* (*accreditation*) og þeim lauk með *úrskurði* um það hvort viðurkenning skyldi veitt eða ekki. (Nánar er fjallað um þennan greinarmun í umsögn gæðanefndar sem vísað er til hér að framan). Í áætlun menntamálaráðuneytisins kemur ekki fram hvorri aðferðafræðinni skuli beitt (eða hvort ætlunin sé að blanda þeim saman með einhverjum hætti) og er þ.a.l. ekki ljóst hvort ytra matið sé hugsað til að sannreyna, þ.e. staðfesta eða afturkalla viðurkenningu ráðuneytisins á fræðasviðum og undirflokkum þeirra eða hvort því sé einkum ætlað að vera ráðgefandi og stuðla með þeim hætti að auknum gæðum háskólastarfsins.

Í ljósi þessa leggur HÍ áherslu á að framangreindar leiðbeiningar og vinnureglur menntamálaráðuneytisins verði kynntar og sendar háskólunum til umsagnar áður en áætlun ráðuneytisins tekur gildi. Mikilvægt er að fyrirfram liggi fyrir með skýrum hætti hvaða skilgreind viðmið og kröfur ytra matið muni styðjast við og hvaða formlega stöðu niðurstöður þess hafi.

4. Í áætlun menntamálaráðuneytisins segir í fyrirsögnum um úttektir á námsleiðum „Nám í...“ sem gefur til kynna að þær taki einungis til náms og kennslu. Í samræmi við fyrirbyggjandi drög menntamálaráðuneytisins að reglum um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna á grundvelli laga nr. 63/2006 um háskóla væri heppilegra að segja „Nám og rannsóknir í...“.

5. Um einstakar úttektir:

- Um úttekt á námi (og rannsóknum) í ferðamálafræði til BA og MA prófs við

Háskóla Íslands og Háskólann á Hólum (vor/haust 2009): Í tilviki HÍ ætti hér að standa „BS- og MS-prófs“.

- Um úttektir á námi (og rannsóknum) í viðskiptafræði og á námi í lögfræði við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík (báðar haust 2009/vor 2010): Í fyrsta lagi er vakin athygli á því að lagadeild HÍ var tekin út árið 2004 og nám í lögfræði aftur árið 2007. Liggja sérstakar ástæður að baki því áformi að taka lögfræði við HÍ út þriðja sinni á fimm ára tímabili? Í öðru lagi kemur ekki fram hvort hinar fyrirhuguðu úttektir á viðskiptafræði og lögfræði séu hugsaðar sem eftirfylgniúttektir í kjölfar úttektar Ríkisendurskoðunar „Kostnaður, skilvirkni og gæði háskólakennslu. Viðskiptafræði, lögfræði, tölvunarfræði“ (2007), eða hvort úttektin á lögfræðinni sé eftirfylgniúttekt með fyrrnefndri úttekt á lagadeild HÍ sem gerð var árið 2004. Ef um er að ræða fyrri kostinn kemur til álita að taka út viðskiptafræði og lögfræði sameiginlega. Þar sem úttekt Ríkisendurskoðunar tók einnig til tölvunarfræði væri eðlilegt að úttektin tæki einnig til hennar, enda segir í áætlun ráðuneytisins að við val á námsleiðum hafi, auk viðurkenningarferlisins, verið litið til „stærðar skóla, umfangs náms og eftirspurnar.“ Raunar liggur fyrir að aðsókn að námi í tölvunarfræði hefur dregist verulega saman í öllum skólunum frá því að úttekt Ríkisendurskoðunar var framkvæmd, en kannski er einmitt þess vegna fróðlegt að hafa hana með í eftirfylgniúttekt á samkeppnisgreinum við íslenska háskóla.
- Um úttekt á námi (og rannsóknum) í félagsfræði við Háskóla Íslands (vor haust 2010): Ekki er ljóst hvort úttektin taki eingöngu til félagsfræði í þrengri skilningi eða til allra félagsvísindagreina sem mynda félags- og mannvísindadeild HÍ.
- Um úttekt á námi (og rannsóknum) í lýðheilsu- og íþróttufræði við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands (vor/haust 2010): Með því að spyrða saman lýðheilsu- og íþróttufræði er fylgt námsskipulagi HR sem á ekki við um HÍ. Við HÍ eru *lýðheilsuvísindi* þverfræðilegt meistara- og doktorsnám sem er samstarfsverkefni allra deilda skólans og í nánnum tengslum við erlendar menntastofnanir (t.d. Harvard, Karolinska Institutet og NHV) og innlendar rannsóknastofnanir (t.d. Landlæknisembættið, Hjartavernd, Krabbameinsfélag Íslands og Lýðheilsustöð). *Íþrótt- og heilsufræði* er hins vegar grein innan íþrótt-, tómsunda- og þroskajálfadeildar Menntavísindasviðs sem er skipulögð á gerólíkum forsendum. Því ber að skilgreina viðfangsefni úttektarinnar með öðrum hætti en gert er í áætlun menntamálaráðuneytisins.
- Um úttekt á námi (og rannsóknum) í hjúkrunarfræði/heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Háskólann á Bifröst (haust 2010/vor 2011): Með því að spyrða saman hjúkrunarfræði og heilbrigðisvísindi er fylgt námsskipulagi Háskólans á Akureyri sem á ekki við um HÍ. Við HÍ er *hjúkrunarfræði* sjálfstæð námsgrein innan hjúkrunarfræðideildar, en *heilbrigðisvísindi* samheiti fyrir allar heilbrigðisvísindadeildir Heilbrigðisvísindasviðs, þ.e. hjúkrunarfræðideild, lyfjafræðideild, læknadeild, matvæla- og næringarfræðideild, sálfræðideild og tannlæknadeild. Því ber að skilgreina viðfangsefni úttektarinnar með öðrum hætti en gert er í áætlun menntamálaráðuneytisins.
- Um úttekt á orkurannsóknum og auðlindafræði (haust 2010/vor 2011): Vakin er athygli á því að kennsla og rannsóknir á fræðasviði orku- og auðlindafræði eru stundaðar víða innan HÍ. Til dæmis er starfrækt þverfræðileg námsleið í umhverfis- og auðlindafræði í samstarfi Félagsvísindasviðs og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Einnig er fram margvísleg kennsla og rannsóknir á

fræðasviðinu innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, s.s. á vettvangi Jarðvísindastofnunar og verkfræðideildanna. Þá er innan Félagsvísindasviðs boðið upp á sérhæft LL.M-nám í umhverfis- og auðlindarétti á vettvangi lagadeildar og fram fer kennsla og rannsóknir í auðlindahagfræði á vettvangi hagfræðideildar. Loks á HÍ aðild að orkuskólunum RES og REYST. Hafa ber þetta í huga við skipulagningu úttektarinnar ef það er ætlunin að hún endurspegli kennslu og rannsóknir á fræðasviðinu á Íslandi.

Að lokum vill Háskóli Íslands ítreka ánægju sína með metnaðarfulla áætlun menntamálaráðuneytisins.

Virðingarfyllt

Kristín Ingólfssdóttir
rektor